



Ofanflóðasjóður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|---|----|
| 1 | Inngangur | 3 |
| 2 | Niðurstöður og ábendingar | 4 |
| 3 | Fjárheimildir og rekstur | 5 |
| 3.1 | Fjárheimildir | 5 |
| 3.2 | Rekstraráætlun..... | 5 |
| 3.3 | Niðurstaða..... | 5 |
| 4 | Innra eftirlit..... | 6 |
| 4.1 | Inngangur | 6 |
| 4.2 | Umfjöllun | 6 |
| 4.3 | Niðurstaða..... | 6 |
| 5 | Fylgni við lög og reglur..... | 7 |
| 5.1 | Inngangur | 7 |
| 5.2 | Umfjöllun | 7 |
| 5.2.1 | Ferðakostnaður..... | 7 |
| 5.2.2 | Opinber innkaup | 7 |
| 5.2.3 | Innkaupakort..... | 7 |
| 5.2.4 | Láns- og reikningsviðskipti..... | 7 |
| 5.2.5 | Styrkir..... | 7 |
| 5.2.6 | Virðisaukaskattur og endurgreiðslur | 7 |
| 5.3 | Niðurstaða..... | 7 |
| 6 | Endurskoðun rekstrarliða | 8 |
| 6.1 | Sértekjur | 8 |
| 6.1.1 | Vaxtatekjur af langímakröfum | 8 |
| 6.1.2 | Endurmat, löng lán..... | 8 |
| 6.1.3 | Skaðabætur og tjónabætur..... | 8 |
| 6.1.4 | Forvarnargjald (markaðar tekjur) | 8 |
| 6.2 | Laun og launatengd gjöld..... | 8 |
| 6.3 | Önnur rekstrargjöld..... | 9 |
| 6.4 | Niðurstaða..... | 9 |
| 7 | Endurskoðun efnahagsliða | 10 |
| 7.1 | Eignir | 10 |
| 7.1.1 | Langtímakröfur | 10 |
| 7.1.2 | Skammttímakröfur | 10 |
| 7.1.3 | Handbært fé..... | 10 |
| 7.2 | Eigið fé og skuldir | 11 |
| 7.2.1 | Höfuðstóll og bundið eigið fé..... | 11 |
| 7.2.2 | Ríkissjóður..... | 11 |
| 7.2.3 | Skammtímaskuldir | 11 |
| 7.3 | Niðurstaða..... | 11 |
| 8 | Önnur atriði | 12 |
| 8.1 | Lögfræðibréf | 12 |
| 8.2 | Óhæðisyfirlýsing..... | 12 |

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi sjóðsins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur Ofanflóðasjóðs eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Ofanflóðasjóðs hefur verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður og ábendingar

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2016. Endurskoðun er að mestu leyti án athugasemda. Ríkisendurskoðun bendir þó á skuld sjóðsins við ríkissjóð og að handbært fé er fyrir hendi til greiðslu skuldarinnar.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Fjárheimildir ársins 2016 gerðu ráð fyrir um 1.255,3 m.kr. gjöldum hjá Ofanflóðasjóði sem mæta skyldi með 660,0 m.kr. sértekjum og 595,3 m.kr. mörkuðum tekjum af forvarnargjaldi. Niðurstaðan var sú að gjöldin urðu 1.304,6 m.kr. og tekjur alls 3.125,8 m.kr. Þannig að tekjuafgangur ársins varð 1.821,2 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri Ofanflóðasjóðs á árinu 2016, ásamt rekstrarniðurstöðu ársins 2015:

| Í þús. kr. | Fjárlög 2016 | Fjárheimild 2016 | Rekstur 2016 | Frávik 2016 | Rekstur 2015 |
|---------------------|-----------------|---------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Ríkistekjur | -595.300 | -595.300 | -2.251.247 | -1.655.947 | -2.083.823 |
| Sértekjur | -660.000 | -660.000 | -874.510 | -214.510 | -677.389 |
| Launagjöld | 4.200 | 4.200 | 1.884 | -2.316 | 1.723 |
| Önnur rekstrargjöld | 142.600 | 142.600 | 196.279 | 53.679 | 170.979 |
| Tilfærslur | 1.108.500 | 1.108.500 | 1.106.412 | -2.088 | 1.187.162 |
| Samtals | 0 | 0 | -1.821.182 | -1.821.182 | -1.401.349 |

Ríkistekjur umfram heimild sjóðsins til ráðstöfunar á árinu var flutt á óráðstafað eigið fé.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Ofanflóðasjóðs var ekki samþykkt til skráningar í fjárhagskerfið fyrir fjárhagsárið 2016 en áætlun var samþykkt og skráð fyrir fjárhagsárið 2017.

3.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu rekstrar þar sem sjóðurinn er vel innan fjárheimilda árið 2016.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Ofanflóðasjóði er hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og lögum og reglum sé fylgt.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfinu kom í ljós að ýmsir þættir sem stuðla að innra eftirliti eru fyrir hendi. Umsjón bókhalds og fjármála fyrir Ofanflóðasjóð er hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fellur undir reglur þess um innra eftirlit. Starfsmaður hjá ráðuneytinu áritar reikninga og önnur greiðsluskjöl sjóðsins. Fjárhagskerfi ríkisins er notað fyrir bókhalds- og launavinnslu. Fjárskýsla ríkisins annast bókhald og greiðsluþjónustu ásamt umsýslu og innheimtu útlána í sérstöku kerfi fyrir útlán og innheimtu. Umsóknir um styrki eru afgreiddar formlega hjá stjórn sjóðsins. Meginhluti tekna eru af forvarnargjaldi sem eru markaðar tekjur á fjárlögum. Haldið er utan um tekjurnar í tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Innra eftirlit þarf einnig að vera til staðar í ráðuneytinu með öllum forvarnargjöldum sem ber að greiða í Ofanflóðasjóð, þar með talið frá erlendum váttryggingafélögum sem tryggja eignir hér á landi og öðrum skilaskyldum félögum. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hefur verið unnið að undirbúningi reglugerðar í samstarfi við fjármálaráðuneyti til að tryggja fullnægjandi heimtur.

4.3 Niðurstaða

Fylgt er formlegum verkferlum við úthlutanir og umsýslu með sjóðnum. Aðgreining starfa er tryggð meðal annars með því að sjóðurinn er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjárskýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu frá fyrra ári um að tryggja þarf að öll forvarnargjöld skili sér til sjóðsins.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur stofnunar eða sjóðs hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar hjá sjóðnum vegna ársins 2016.

5.2 Umfjöllun

5.2.1 Ferðakostnaður

Reglum um ferðakostnað á vegum ríkisins er fylgt.

5.2.2 Opinber innkaup

Reglum um innkaup á vegum ríkisins er fylgt.

5.2.3 Innkaupakort

Sjóðurinn nýtir innkaupakort vegna dvalarkostnaðar innanlands og eru þau yfirfarin og samþykkt til greiðslu.

5.2.4 Láns- og reikningsviðskipti

Sjóðurinn er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur með skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

5.2.5 Styrkir

Veittir styrkir á árinu 2016 námu samtals um 1,1 ma.kr. Þeir voru aðallega til sveitarfélaga vegna ofanflóðavarna og byggjast á samningum við þau. Styrkirnir eru gjaldfærðir og skuldfærðir í bókhaldi þegar ákvörðun um styrkveitingu hefur verið tekin.

5.2.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.3 Niðurstaða

Ekki verður séð annað en sjóðurinn fylgi þeim lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald hjá A-hluta ríkisstofnunum.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu tekjur Ofanflóðasjóðs 3.125,8 m.kr.

| Í þús.kr. | 2016 | 2016 | 2016 | 2015 | Breyting |
|----------------------------------|----------------------|----------------------|-----------|-----------|----------|
| Tekjur | Almennur rekstur 101 | Ofanflóða-sjóður 660 | Samtals | Samtals | |
| Vaxtatekjur af langtímakröfum | 0 | 785.073 | 785.073 | 651.774 | 133.299 |
| Endurmat (vísitala) löng lán | 0 | 28.269 | 28.269 | 25.615 | 2.654 |
| Skaðabætur og tjónabætur | 0 | 61.169 | 61.169 | 0 | 61.169 |
| Forvarnargjald (markaðar tekjur) | 19.756 | 2.231.491 | 2.251.247 | 2.083.823 | 167.424 |
| Tekjur alls | 19.756 | 3.106.001 | 3.125.757 | 2.761.212 | 364.545 |

6.1.1 Vaxtatekjur af langtímakröfum

Vaxtatekjur af langtímalánum til sveitarfélaga hækkuðu um 133,3 m.kr. frá fyrra ári eða um 20%.

6.1.2 Endurmat, löng lán

Við endurmat á lánum til sveitarfélaga eru lánin uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs. Hækkun lána vegna endurmats var 2,7 m.kr. hærri en á síðasta ári eða 10%.

6.1.3 Skaðabætur og tjónabætur

Ofanflóðasjóður fékk greiddar skaðabætur vegna gallaðra veggja.

6.1.4 Forvarnargjald (markaðar tekjur)

Tryggingafélög og fleiri innheimta forvarnargjald og skila á bankareikning Ofanflóðasjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Tekjur vegna þessa námu 2.251,3 m.kr. árið 2016 og nam hækkunin frá fyrra ári 167,4 m.kr. eða 8%.

6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á árinu 2016 námu 1,9 m.kr og hækkuðu um 9,3% milli ára. Launagreiðslur eru þóknun til forvarnarnefndar. Við endurskoðun launa var farið yfir launalista ársins 2016 og frávik á milli ára greind.

6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld á árinu 2016 námu um 196,3 m.kr. og hækkuðu um 25,3 m.kr. frá fyrra ári eða 14,8%. Hækkunin kom aðallega fram í skatti á fjármagnstekjum sem er stærsti kostnaðarliðurinn og nam 135,6 m.kr. á árinu 2016.

Tilfærslur (styrkir) vegna ofanflóðavarna námu um 1,1 ma.kr. og lækkuðu um 80,7 m.kr. frá fyrra ári eða 6,8%.

Við endurskoðunina var farið yfir kostnað Ofanflóðasjóðs og fylgiskjöl skoðuð þar sem með þurfti t.d. við greiningu á milli ára. Einnig voru fylgiskjöl skoðuð eftir úrtaki. Lotun annarra rekstrargjalda um áramótin 2016/2017 var skoðuð. Athugað var hvort færslur væru færðar á rétta bókhaldslykla, reikningar samræmdust starfseminni og þeir áritaðir til greiðslu.

6.4 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir í endurskoðun rekstrarliða.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 19.097,9 m.kr. skuldir námu 2.909,4 m.kr., höfuðstóll nam 1.311,7 m.kr. og bundið eigið fé og annað eigið fé nam samtals 14.876,8 m.kr.

| Í þús.kr. | 2016 | 2015 | Breyting |
|----------------------------|------------|------------|-----------|
| Eignir: | | | |
| Langtímakröfur | 1.240.497 | 1.361.912 | -121.415 |
| Skammtímakröfur | 1.160.460 | 945.904 | 214.556 |
| Handbært fé | 16.696.959 | 14.474.641 | 2.222.318 |
| Eignir alls | 19.097.916 | 16.782.457 | 2.315.459 |
| Eigið fé og skuldir: | | | |
| Höfuðstóll | 1.311.682 | 1.146.447 | 165.235 |
| Bundið eigið fé | 14.628.846 | 12.972.899 | 1.655.947 |
| Framlag til eignarmyndunar | 247.946 | 247.946 | 0 |
| Skuld við ríkissjóð | 2.798.967 | 2.210.513 | 588.454 |
| Skammtímaskuldir | 110.475 | 204.652 | -94.177 |
| Eigið fé og skuldir alls | 19.097.916 | 16.782.457 | 2.315.459 |

7.1 Eignir

7.1.1 Langtímakröfur

Í árslok 2016 námu langtímakröfur á sveitarfélög 1.240,5 m.kr. og höfðu lækkað um 121,4 m.kr. frá fyrra ári.

Á árinu námu nýjar lánveitingar 85,3 m.kr., endurmat ársins nam 28,2 m.kr., afborganir lána voru 354 þús.kr., næsta árs afborganir 160,5 m.kr. og afskrifaðar kröfur voru 74 m.kr.

Í reikningsskilum Ofanflóðasjóðs er mat á lánakröfum miðað við nafnverð og endurmetið eftir vísitölu þrátt fyrir að endurgreiðsla þeirra sé takmörkuð skv. ákvæðum lánanna.

7.1.2 Skammtímakröfur

Í árslok námu skammtímakröfur 1.160,5 m.kr. og hækkuðu um 214,6 m.kr. frá fyrra ári. Eignirnar skiptust í 526,7 m.kr. óinnheimt forvarnargjald hjá tryggingafélögum, 473,2 m.kr. uppsafnaða vexti af lánum til sveitarfélaga og 160,5 m.kr. næsta árs afborgun langtímakrafna.

7.1.3 Handbært fé

Handbært fé felst í innistæðu hjá Seðlabanka Íslands og nam 16.697 m.kr. á árslok 2016. Forvarnargjald er reglulega lagt inn á reikning sjóðsins hjá Seðlabankanum. Bókhaldi bar saman við bankayfirlit í árslok 2016.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll og bundið eigið fé

Eigið fé nam samtals 16.188,5 m.kr. í árslok 2016 og hækkaði frá fyrra ári um 1.821,2 m.kr. eða sem nam tekjuafgangi ársins. Markaðar tekjur (forvarnargjald) umfram fjárheimildir ársins voru fluttar á bundið eigið fé í árslok og rekstrarniðurstaða að öðru leyti var færð á höfuðstól.

7.2.2 Ríkissjóður

Í árslok 2016 nam skuld við ríkissjóð 2.799 m.kr. og hækkaði um 588,5 m.kr. frá árslokum fyrra árs. Ríkisendurskoðun áréttar ábendingu frá fyrra ári um að skuld við ríkissjóð sé gerð upp enda hefur sjóðurinn nægilegt handbært fé í árslok til að greiða skuldina.

7.2.3 Skammtímaskuldir

Í árslok námu skammtímaskuldir 110,5 m.kr og lækkuðu um 94,2 m.kr. frá fyrra ári. Skuldir í árslok fólust í ógreiddum reikningum sem greiddir voru í ársbyrjun 2017.

7.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir í ofangreindri endurskoðun efnahagsliða fyrir utan að bent er á að greiða þarf skuld við ríkissjóð.

8 Önnur atriði

8.1 Lögfræðibréf

Óskað var eftir upplýsingum um málaferli gagnvart Ofanflóðasjóði sem mögulega gætu haft fjárhagsleg áhrif á rekstur sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti voru engin slík mál í gangi svo vitað sé.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Ofanflóðasjóði voru undirritaðar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is